

Mánudaginn 14. desember 1998.

Nr. 11/1998.

**Alþýðusamband Íslands
f.h. Sjómannasambands Íslands vegna
Sjómannafélagsins Jötuns**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands
vegna Herjólfss hf.**

(Jón H. Magnússon hdl.)

Kjarasamningur. Matmálstímar.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. des. sl., var höfðað með stefnu útgefni 10. sept. 1998, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 21. sept. sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélagsins Jötuns, kt. 670169-2439, Skólavegi 6, Vestmannaeyjum.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands vegna Herjólfss hf., kt. 430676-0169, Básaskersbryggju 10, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 4.2. í kjarasamningi Vinnuveitendasambandsins f.h. Herjólfss hf. annars vegar og Sjómannafélagsins Jötuns hins vegar vegna þjónustufólks.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað auk álags er nemi virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Félagsmenn stefnanda starfa meðal annars sem þjónustufólk um borð í m/s Herjólf, eign stefnda, Herjólfss hf. Reglubundið verkefni m/s Herjólfss er dagleg sigling skipsins milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Að sögn stefnda hefur svo verið í þau 22 ár sem útgerð skipsins hefur starfað. Upphaflega fór skipið eina ferð á dag en í

fjöldi ára hafa verið farnar tvær ferðir á dag einu sinni í viku á vetur- og þrjá daga vikunnar á sumrin. Að sögn stefnda fer skipið frá Þorlákshöfn á hefðbundnum matartíma hvort sem skipið fer eina eða tvær ferðir á dag. Í viðdvöl skipsins í Þorlákshöfn þarf nær öll áhöfnin að vera að störfum. Stýrimenn og hásetar vinna við affermingu og feringu farþegabíla og flutningstækja. Þjónustufólk undirbýr komu nýrra farþega og tekur á móti þeim um borð.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að þeir félagsmenn stefnanda sem starfi sem þjónustufólk um borð í m/s Herjólfí vinni nær undantekningarlaust matartíma sína, þ.e. frá kl. 18:00 til 19:00. Ráðist það af áætlun m.s. Herjólfis. Fyrir þá vinnu fái starfsfólkið greiddan einn yfirvinnutíma á dag. Augljóst sé að umrætt starfsfólk fengi þessar greiðslur fyrir vinnuframlag á tímabilinu kl. 18:00 til 19:00 án nokkurra sammingsbundinna ákvæða þar um, þ.e. ekki þurfi að til- taka það sérstaklega að greiða ber fyrir unnar yfirvinnustundir.

Í grein 2.1.1. í gildandi kjarasamningi milli Vinnuveitendasam- bands Íslands f.h. Herjólfis hf. og Sjómannafélagsins Jötuns vegna þjónustufólks, er kveðið á um að daglegur vinnutími þjónustufólks skuli vera frá kl. 08:00 til kl. 17:00 og miðast við 40 stunda vinnuviku án vaktavinnufyrirkomulags. Í grein 4.2. er fjallað um matar- og kaffihlé starfsmanna. Meðal annars er þar kveðið á um í 1. mgr. i.f. að kvöldverður skuli vera á tímabilinu frá kl. 18:00 til 19:00. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að matmálstímar skuli almennt haldnir á rétt- um tíma. Loks segir í 3. mgr. sömu greinar að ef matartími sé ekki veittur skuli greiða hann með 1 klst. í yfirvinnu.

Vegna siglingaráætlunar Herjólfis sé greindur kvöldverður nær aldrei veittur þjónustufólki. Þrátt fyrir þessa staðreynd hafi stefndi einungis galdið þjónustufólki sínu eina klukkustund í yfirvinnu fyrir unninn tíma milli 18:00 og 19:00 og talið þannig fullgreitt fyrir þann tíma. Þessu hafi stefnandi mótmælt við stefnda og áréttað að þegar þjónustufólki sé ekki veittur kjarasammingsbundinn réttur til kvöld- verðar þá beri stefnda að greiða sérstaklega fyrir það. Mótmæli þessi hafa verið án árangurs.

Af hálfu stefnanda er byggt á því að sú framkvæmd stefnda að greiða þjónustufólki ekki aukalega fyrir það að missa af matmáls- tíma á kvöldin feli í sér brýnt brot gegn 3. mgr. greinar 4.2. í kjara- samningi aðila. Greinin kveði skýrt á um það að greiða beri, auk

unnins tíma, sérstaklega jafngildi einnar yfirvinnustundar fyrir missi matartíma.

Samhljóða ákvæði sé í kjarasamningi háseta á m/s Herjólfí. Hásetunum sé greitt sérstaklega fyrir það þegar þeir verða af kvöldverðartíma sínum. Þannig sé háttsemi stefnda gagnvart þjónustufólkinu, sem í dag sé undantekningarlaust kvenfólk, ekki bara brot á greindu kjarasamningsákvæði heldur einnig brot á lögum nr. 28/1991 um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna, samanber sérstaklega 3. og 4. gr. þeirra laga, en hásetar á m/s Herjólfí séu að miklum meiri hluta karlkyns.

Með 1. mgr. greinar 4.2. í kjarasamningi aðila sé umræddu þjónustufólki tryggt neysluhlé á hinu tiltekna tímabili. Ef þessir starfsmenn séu látnir vinna á þessu tímabili, skv. fyrirmælum atvinnurekanda, þá séu þeir þar með sviptir þeim réttindum sem 1. mgr. greinar 4.2. fjallar um. Slíkt verður að mati stefnanda ekki gert án þess að viðkomandi starfsmenn fái einhverja umbun fyrir. Sú umbun sem starfsmönnum beri í staðinn sé samningsbundin í umræddri 3. mgr. greinar 4.2. Skýrlega sé kveðið á um það að greiða beri 1 klst. sérstaklega ef ekkert neysluhlé er veitt. Að mati stefnanda er greiðsla skv. 3. mgr. greinar 4.2. óháð greiðslum fyrir unnar stundir í þeim skilningi að greiðsla fyrir vinnuframlagið eitt fullnægi ekki ákvæðum greinar 4.2. Þannig beri bæði að greiða fyrir vinnuframlag og afsal þeirra réttinda sem umrædd grein ber með sér. Samkvæmt þessu ber, að mati stefnanda, að greiða þjónustufólki um borð í Herjólfí í heild 2 yfirvinnustundir fyrir vinnuframlag á tímabilinu kl. 18:00 til 19:00 enda sé ekkert neysluhlé veitt á umræddu tímabili.

Synjun stefnda að bæta þjónustufólki sínu með einni yfirvinnustund þau tilvik er starfsfólkið verður af kvöldverðartíma sínum er að mati stefnanda brýnt brot á 3. mgr. greinar 4.2. í kjarasamningi og er krafist viðurkenningar á því.

Stefnandi byggir málsókn sína á meginreglum vinnuréttar, lögum nr. 80/1938, kjarasamningi aðila, dags. 10. júlí 1995, sbr. og kjarasamning um endurnýjun sama samnings aðila dags. 3. júlí 1997. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafist er álags á málskostnað er nemi virðisaukaskatti. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn fyrir því að fá álag er honum nemur dæmt úr hendi gagnaðila.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er mótmælt fullyrðingum í stefnu um að þjónustufólk fái nær aldrei kvöldmat. Þjónustufólkið fái kvöldmat og hlé frá vinnu þó ekki nákvæmlega á þeim tíma sem tilgreindur er í 1. mgr. gr. 4.2. í kjarasamningi milli Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Herjólfs hf. annars vegar og Sjómannafélagsins Jötuns hins vegar vegna þjónustufólks. Eftir að skipið fer frá Þorlákshöfn skipti áhöfnin sér í mat og sé það fyllilega heimilt skv. 2. mgr. gr. 4.2. Þjónustufólk verði að skiptast á um að fara í mat eftir að skipið fer frá Þorlákshöfn þar sem framreiða þurfi mat og sinna öðrum þörfum farþega á leiðinni.

Mótmælt er sem röngu og ósönnuðu að stefndi hafi brotið gegn grein 4.2. í kjarasamningi. Eins og fram komi í bréfi Vinnuveitendasambandsins, dags. 17. nóv. 1997, sé tilvitnuð grein 4.2. í kjarasamningi þjónustufólks á m.s. Herjólfí samhljóða grein 4.1. í kjarasamningi háseta á m.s. Herjólfí. Grundvallarsamningur þessara tveggja samninga sé kjarasamningur Sjómannafélags Reykjavíkur við kaupskipaútgærðir um kaup og kjör háseta á kaupskipum. Efni greinar 4.2. og 4.1. í framangreindum samningum sé sótt í samning Sjómannafélags Reykjavíkur og sé samhljóða grein 4.2. í þeim samningi. Greinin hafi verið óbreytt í kjarasamningi Sjómannafélags Reykjavíkur í a.m.k. 15-20 ár og hafi það verið sameiginlegur skilningur aðila að greiða beri einn tíma í yfirvinnu fyrir unninn matartíma en ekki tvo tíma eins og krafa sé gerð um nú. Hins vegar sé sú sérregla í kjarasamningum verkamanna í landi og megi vera að krafan sé spröttin af þeim misskilningi að sama regla eigi að gilda til sjós. Í landi sé ekki um það að ræða að veita matarhlé seinna að kvöldinu. Annað hvort sé veitt hlé á tímabilinu kl. 19:00-20:00 eða því sleppt og hætt fyrr. Því sé einkum sleppt ef ekki sé mikil vinna eftir þegar kemur að matartímanum, en matartími veittur ef fyrirhugað sé að vinna langt fram á kvöld. Verkamaður sem vinni matartímann geti þá komist heim klukkutíma fyrr en ella. Þessu sé öðruvísi farið um borð í m.s. Herjólfí þar sem áhöfnin komist ekki heim fyrr en skipið komi í höfn í Vestmannaeyjum.

Engar breytingar hafi orðið á ákvæðum greinar 4.2. við framlengingu framangreindra kjarasamninga á árinu 1997 og hafi stefndi árum saman greitt í samræmi við framangreindan skilning sem engar

athugasemdir hafi verið gerðar við fyrr en í október 1997. Því er mótmælt sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum að Sjómannafélagið Jötunn hafi ítrekað krafið stefnda um leiðréttingu á launauppgjörum vegna unninna matartíma þjónustufólks um borð í m/s Herjólfí.

Mótmælt er sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum í stefnu um að hásetar fái greitt sérstaklega fyrir matartímann kl. 18:00-19:00. Því til staðfestingar er vísað til bréfs Herjólfis hf., dags. 8. júlí 1998, ásamt viðfestum vinnuseðli bátsmanns.

Stefndi telur sig hafa efnt að fullu samningsskyldur sínar við félagsmenn stefnanda samkvæmt gildandi kjarasamningi og beri því að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Niðurstaða.

Í grein 2.1. í gildandi kjarasamningi aðila er fjallað um vinnutíma. Þar segir svo í grein 2.1.1.:

„Daglegur vinnutími þjónustufólks skal vera frá kl. 08:00 til kl. 17:00 og miðast við 40 stunda vinnuviku án vaktafyrirkomulags. Öll viðvera um borð á ferðum skipsins milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja telst óslitinn vinnutími.“

Samkvæmt grein 2.1.2. er í tilgreindum undantekningartilfellum heimilt að setja á vakt eftir kl. 17:00 og greiðist þá yfirvinna því þjónustufólki sem er á vakt eftir þann tíma. Í máli þessu reynir ekki á þetta ákvæði.

Í grein 4.2. í kjarasamningnum er fjallað um matar- og kaffihlé. Þar segir m.a. svo:

„Kaffihlé skal vera 20 mínútur á tímabilinu frá kl. 08:00 til 10:00. Hádegisverður á tímabilinu kl. 12:00 til 13:00 að undanteknum þeim tilvikum sem getið er um í grein 2.3.2. Kaffihlé skal vera 15 mín. á tímabilinu kl. 15:00 til 16:00. Kvöldverður skal vera á tímabilinu frá kl. 18:00 til 19:00.

Matmálstímar skulu almennt haldnir á réttum tíma.

Sé matartími ekki veittur, skal greiða hann með 1 klst. í yfirvinnu. Sé kaffitími ekki veittur, greiðist fyrir hann yfirvinnukaup jafnlengd kaffitímans.“

Í máli þessu er deilt um það hvort framkvæmd stefnda á kvöldverðartímum hafi farið í bága við fyrrgreind ákvæði um þann matmálstíma í grein 4.2. í kjarasamningnum. Telur stefnandi að svo sé,

enda séu viðkomandi starfsmenn látnir vinna í matartímum þessum án þess þó að njóta umsaminnar greiðslu, þ.e. greiðslu sem nemur einni klukkustund í yfirvinnu. Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram að hann hafi fyllilega efnt þessar samningsskyldur sínar, eins og túlka beri samningsákvæðin í ljósi forsögu samningsins og með tilliti til aðstæðna á m/s Herjólfli.

Skýra verður svo ákvæði greinar 4.2. í kjarasamningi aðila að kvöldmatartími skuli vera ein klukkustund. Þá kemur fram í greininni að meginreglan er sú að kvöldverður skuli vera á tímabilinu frá kl. 18:00 til 19:00. Sérstaklega er tekið fram að sé matartími ekki veittur skuli greiða hann með einni klukkustund í yfirvinnu. Þegar litið er til fyrrgreinds ákvæðis um vinnutíma í grein 2.1.1., þar sem m.a. kemur fram að öll viðvera um borð telst óslitinn vinnutími, þykir vera ótvírætt að greiða beri sérstaklega fyrir unninn kvöldmatartíma með þeim hætti, sem tilgreint er í grein 4.2., svo sem almennt er við slíkar aðstæður.

Við skýrslutökur hér fyrir dómi kom fram að þjónustufólk á m/s Herjólfli hefur út af fyrir sig almennt fengið kvöldmat. Hins vegar var jafnframt upplýst við skýrslutökurnar, þ. á m. með vitnisburði brytans á m/s Herjólfli, að vikið hefur verið frá ákvæðum kjarasamningsins bæði um lengd kvöldmatarhlés og þann tíma þegar það skal tekið kl. 18:00-19:00. Samkvæmt þessu þykir sannað að um viðvarandi og veruleg frávik hefur verið að ræða frá ákvæðum kjarasamningsins um kvöldmatarhlé án þess þó að innt hafi verið samningsbundin greiðsla fyrir. Hefur stefndi því brotið gegn grein 4.2. í kjarasamningnum. Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst 150.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að stefndi, Herjólfur hf., hefur brotið gegn grein 4.2. í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Herjólfss hf. annars vegar og Sjómannafélagsins Jötuns hins vegar vegna þjónustufólks á m/s Herjólfli.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Herjólfss hf.,

greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélagsins Jötuns, 150.000 krónur í málskostnað.
